

Gjaldskrá fyrir heimaþjónustu í Skagafirði 2026

1. gr.

Fyrir félagslega heimaþjónustu í Skagafirði skal greiða gjald fyrir hverja unna vinnustund sem nemur launaflokki 128 skv. samningum Öldunnar/Kjalar frá 1.apríl 2025 með 8% persónuálagi með tengdum gjöldum.

Samtals 5.035 kr.

2.gr

Varðandi gjaldskyldu fyrir félagslega heimaþjónustu gilda eftirfarandi viðmiðunartekjur:

1. Undanþegnir gjaldskyldu skulu þeir sem ekki hafa aðrar tekjur en óskertan ellilífeyri/örorkulífeyri frá almannatryggingum. Svo og þeir sem hafa samtals tekjur innan framangreindra marka, þ.e. **421.380 kr.** (einstaklingur með heimilisuppbót, framfærsluviðmið).
2. Viðmiðunartekjur fyrir hjón eða sambýlisfólk með sameiginlegan fjárhag eru þær sömu og tilgreindar eru í 1. lið, margfaldaðar með 1,5 eða **632.070 kr.**
3. Tekið skal tillit til fjölda barna til 18 ára aldurs. Sjá 4. gr.
4. Þjónustuþegar með tekjur sem eru allt að 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur 1/3 af tímakaupi starfsmanns.
5. Þjónustuþegar með tekjur sem eru yfir 50 % hærri en viðmiðunartekjur skulu greiða gjald sem nemur hálfu tímakaupi starfsmanns.
6. Þjónustuþegar með tekjur yfir 75 % hærri en viðmiðunartekjur, skulu greiða fullt tímakaup starfsmanns.
7. Lífeyrisþegar greiða aldrei herra gjald fyrir félagslega heimaþjónustu en sem nemur 75 % af tekjum umfram það sem þeir fá frá Tryggingastofnun ríkisins.
8. Viðmiðunartekjur sem nefndar eru í í þessari málsgrein, hækka til jafns við hækkun bóta Tryggingastofnunar ríkisins.
9. Ekki skal telja sérstaka uppbót lífeyristrygginga vegna læknis- og lyfjakostnaðar og umönnunar- eða bensínstyrk almannatrygginga til tekna.

3. gr.

Heimilt er að gefa eftir hluta greiðslu fyrir veitta félagslega heimaþjónustu eða fella greiðslu alveg niður. Skal þá farið eftir reglum um fjárhagsaðstoð.

4. gr.

Tekið er tillit til fjölda barna á heimili þjónustuþega, yngri en 18 ára og skal draga upphæð barnalífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins (1.1.2025) **48.131 kr.** frá heildartekjum þjónustuþega fyrir hvert barn, áður en reiknað er út í hvaða gjaldflokki heimilið lendir.

Tekjumörk og gjaldflokkar:

Gjaldskrá heimaþjónustu 2025					
	Viðmið kr. 4.671	Tekjur undir: gjaldfr	Tekjur undir: greiðir 1/3 gjald	Tekjur undir: greiði 1/2 gjald	Tekjur yfir: greiði fullt gjald
Fjölsk. gerð	Einstaklingur	421.380 kr.	632.070 kr.	737.415 kr.	737.415 kr.
	Hjón/samb, fólk	632.070 kr.	948.105 kr.	1.106.123 kr.	1.106.123 kr.
Gjald	Einstaklingur	0 kr.	1.557 kr.	2.336 kr.	4.671 kr.
	Hjón/samb, fólk	0 kr.	1.557 kr.	2.336 kr.	4.671 kr.
	tekjur á ári - einst	5.056.560 kr.	7.584.840 kr.	8.848.980 kr.	8.848.980 kr.
	tekjur á ári hjón	7.584.840 kr.	11.377.260 kr.	13.273.470 kr.	13.273.470 kr.